



**Iðnaðarráðuneyti
Lindargötu Arnarhvoli
150 Reykjavík**

Kirkjubæjarklaustri 10. nóvember 2011

Efni: Umsögn Skaftárhrepps við tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Skaftárhreppur fagnar því að vinna við rammaáætlun sé nú á lokastigi. Eins þakkar sveitarfélagið fyrir að fá tækifæri til að skila inn umsögn um þingsályktunartillöguna.

Skaftárhreppur vill benda á að skv. aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 sem nú bíður staðfestingar ráðherra, er gert ráð fyrir þremur virkjanakostum sem teknir voru til athugunar í öðrum áfanga rammaáætlunar, Hólmsárvirkjun, Búlandsvirkjun og Hnútuvmirkjun í Hverfisfljóti. Hnútuvmirkjun í Hverfisfljóti var ekki metin af öllum faghópum. Bent er á að Hnútuvmirkjun í Hverfisfljóti er á landi í einkaeigu og framkvæmdin fyrirhuguð af landeiganda. Þessir þrjú virkjanakostir lenda allir í biðflokki skv. tillögunni.

Með endurskoðuðu aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022, telur sveitarstjórn að hún hafi hagsmuni allra aðila sveitarfélagsins að leiðarljósi og gott jafnvægi sé á milli nýtingar og verndunar, þar sem ekki er gert ráð fyrir neinum virkjanakostum innan marka svæðisskipulags miðhálandisins og að stórt svæði af hálandi sveitarfélagsins er nú þegar orðið hluti af Vatnajökulspjóðgarði.


Í vinnu við endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps 2010-2022 náðist sátt um þau iðnaðarsvæði sem þar eru sýnd. Mikill þrýstingur var af hálfu umhverfisráðuneytisins um að Langisjór og nágrenni yrðu tekin inn í Vatnajökulspjóðgarð.

Þeim hluta aðalskipulagsins sem snýr að línulögnum milli Hólmsárvirkjunar við Atley, Búlandsvirkjunar og að byggðarlínu verður frestað. Ef af virkjanaáformum verður, mun aðalskipulagið verða tekið upp að nýju.




Sveitarstjórn leggur áherslu á að skv. stefnu aðalskipulagsins er horfið frá öllum virkjanahugmyndum innan marka svæðisskipulags miðhálandisins, sem rannsakaðar hafa verið í gegnum tíðina og hvetur hlutaðeigandi aðila til að kynna sér aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022 til að fá sem heildstæðasta mynd af framtíðarsýn sveitarfélagsins m.t.t. verndunar og nýtingar.


Sveitarstjórn Skaftárhrepps:


Guðmundur Ingi Ingason


Jóna S. Sigurbjartsdóttir


Jóhannes Gissurarson


Þorsteinn M. Kristinsson


Jóhanna Jónsdóttir